

Skýrsla prófstjóra – 2008 haust

Að vanda samdi Þórarinn Ingólfsson próftöfluna. Undirbúningur fyrir prófin hófst 12. nóvember. Gögn fóru í stofurnar 29. nóvember. Lögð voru 2.518 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Það eru u.þ.b.140 færri próf en á vorönn 2008. Fjöldi nemenda í prófum var mestur í stærðfræði (451 nemandi), íslensku (396 nemendur), dönsku og spænsku (359 nemendur) og ensku (346 nemendur). Þar sem allir íþróttaáfangar voru próflausir voru færri nemendur í prófum fyrsta prófdaginn en oft áður. Fæstir nemendur voru í prófum í tölvufræði (10 nemendur) og í uppskrapi í EFN203 og HBF103 (12 nemendur).

26 próf voru lesin inn fyrir nemendur. Hljóðskrárnar voru settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. Fimm nemendur tóku próf með aðstoð og/eða á tölvu og þrír af þeim voru með sérstakan yfirseta. Níu nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. Fimm nemendur tóku 1-2 próf í heimabyggð.

Próftöfluforritið var að mestu leyti í lagi þangað til prenta átti út yfirsetutöflur kennara. Ekki var hægt að sjá í hvaða stofum áfangarnir voru prófaðir. Aðstoðin hjá Innu reyndi að leiðrétta þetta en það gekk of hægt fyrir sig þannig að eins og svo oft áður var málið leyst með því að prenta út úr eldri útgáfu af forritinu.

Að vanda var fjöldi yfirseta hjá kennurum reiknaður út frá kennslumagni á önninni. Flestir kennarar áttu að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með 1-2 yfirsetum minna en kennslumagn sagði til um. Yfirsetan gekk vel – aðeins reyndist nauðsynlegt að nota varamann einu sinni þegar yfirseti var veikur. Einstaka yfirseti hefði mátt mæta svolítið fyrr í yfirsetuna.

Prófum nemenda á atvinnulífsbraut var raðað þannig að kennarar þeirra gátu setið yfir sjálfir.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa hjálpaði það mjög mikið. Kennarar áttu að skila prófum á Skúlaskeið tveim dögum fyrir sjúkraprófsdaginn sem gerði undirbúninginn mikið auðveldari. Flest þeirra voru komin á Skúlaskeið á réttum tíma. 120 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt sjúkrapróf, nokkrir tvö og einn þrjú. 16 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Af sjö nemendum sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma fóru fimm í prófin hvort á eftir öðru en tveir fóru í sjúkrapróf í öðrum áfanganum. Fjórir nemendur fóru í endurtektarpróf á sjúkraprófsdaginn.

Prófstjóri dreifði sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags – daginn áður hafði þeim verið raðað samkvæmt stofumiðum. Stofumiðar vor líka hengdir upp og settir í stofurnar daginn fyrir sjúkrapróf.

Selfossi, 3. júní 2009

Ragnheiður Ísaksdóttir

Skýrsla prófstjóra – 2009 vor

Próftafla var samin af Þórarni Ingólfssyni. Undirbúningur fyrir prófin hófst 14. apríl. Gögn fóru í stofurnar 30. apríl. Lögð voru fyrir 2.439 próf fyrir utan sjúkrapróf. Það eru u.þ.b. 80 færri próf en á haustönn 2008. Stærstu prófdagarnir voru seinni dagur stærðfræðiprófanna (363 nemendur), enskuprófin (286 nemendur) og seinni prófatíminn fyrsta prófdaginn, þegar prófað var í SAG203 og stafsetningu í ÍSL102, ÍSL103 og ÍSL202 (216 nemendur). Fæst próf voru í seinni prófatímanum þriðjudaginn 12. maí kl. 11:30 – 20 nemendur í NÆR103.

26 próf voru lesin inn fyrir nemendur. Hljóðskrárnar voru settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. Fjórir nemendur fengu sérstakan upplestur í stafsetningu og níu nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. Einn nemandi var með sérstakan yfirseta í tveimur prófum og einnig tölvu. Tveir nemendur tóku eitt próf í heimabyggð.

Töluverðar breytingar til hins betra höfðu verið gerðar á próftöfluforritinu. Eitt vandamál kom þó upp þegar hengja átti upp stofulista fyrir nemendur í anddyri. Listarnir komu ekki í stafrófsröð nemenda. Gripið var til þess ráðs, eins og oft áður, að nota gamla útgáfu af forritinu til að prenta listana út. Kvartað var við þjónustuaðila Innu og var þetta leiðrétt en of seint til að það nýttist okkur. Farið verður fram á að mögulegt verði að raða nemendum í stofur eftir hópum fyrir næstu próf.

Eftir að búið var að raða í stofur kom í ljós að 44 nemendur sluppu við próf í ýmsum íslenskuáföngum. Endurraðað var í stofurnar og slapp einn yfirseti við yfirsetu þann daginn.

Fjöldi yfirseta hjá kennurum var reiknaður út frá kennslumagni á önninni. Samkvæmt þeim útreikningum áttu flestir kennarar að sitja 4-5 sinnum yfir (21 kennari = 4 fjórar yfirsetur; 19 kennarar = 5 yfirsetur). Þar sem prófum hefur enn fækkað reyndust flestir kennarar vera með a.m.k. einni yfirsetu minna en kennslumagn sagði til um. Yfirsetan gekk vel – aðeins reyndist nauðsynlegt að nota varamann einu sinni þegar yfirseti gleymdi að mæta. Örfáir yfirsetar mættu svolítið seint.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – þótt ekki væri dagur á milli síðastu prófa og sjúkraprófa þessa önnina. Kennarar skiluðu prófunum á Skúlaskeið tveimur dögum fyrir sjúkraprófið sem auðveldaði undirbúninginn mjög mikið. Sjúkrapróf voru flest komin á Skúlaskeið á réttum tíma. U.þ.b. 120 nemendur komu í sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf en nokkrir tvö. Fjórir nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu og tveir nemendur, sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma, fóru í prófin hvort á eftir öðru. Sex nemendur fóru í endurtektarpróf, einn fimmtudaginn 14. maí, þar sem hann átti að vera í sveinsprófi á sjúkraprófsdag, þrír á sjúkraprófsdag (föstudaginn 15. maí), einn mánudaginn 18. maí og einn þriðjudaginn 19. maí.

Prófstjóri dreifði sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags – daginn áður hafði þeim verið raðað samkvæmt stofumiðum. Stofumiðar fóru líka í stofurnar daginn áður.

Selfossi, 3. maí 2009

Ragnheiður Ísaksdóttir